



JÁKVÆÐUR AGI Í LEIKSKÓLANUM

POSITIVE DISCIPLINE IN THE PRESCHOOL

Námskeið fyrir kennara, stjórnendur og annað starfsfólk í leikskólum

Tími:

29. og 30. maí 2024
kl. 08:15—16:15

Staðsetning:

Valhúsaskóli, Skólabraut 170,
Seltjarnarnes

Leiðbeinandi:

Jónína Hauksdóttir, CPDT

Verð:

65.000 kr.

Innifalin námskeiðsgögn, tvær
bækur og ársskráning í PDA
samtökin erlendis.

Skráning fer fram af síðu

Jákvæðs aga á þessum tengli:

[https://forms.gle/
tp6NwVmfciv7eYLa8](https://forms.gle/tp6NwVmfciv7eYLa8)




Jónína Hauksdóttir er leikskólakennari og starfaði í 4 ár á inn á deildum og sem skólastjóri í 25 ár. Hún hefur mikla reynslu af leikskólastarfi, skólaþróun og námskeiðahaldi. Hún er Certified Positive Discipline Trainer frá árinu 2014 og er með réttindi til að kenna bæði leik- og grunnskólakennurum Jákvæðan aga
Netfang:
joninahauks@gmail.com

Tveggja daga réttindanámskeið um Jákvæðan aga í leikskólanum eða með yngstu börnunum eru ætluð stjórnendum, leikskólakennurum, leiðbenendum, dagmæðrum eða öðrum sem vinna með börn frá fæðingu til sex ára aldurs. (Þetta námskeið getur einnig hentað foreldrum þó að áherslan sé aðallega á starf með barnahópum.) Þátttakendur læra að hagnýta sér verkfæri Jákvæðs aga og hugmyndafræði sjálfstjórnarkenninga í starfi með yngstu börnunum. Þeir öðlast einnig dýpri skilning á því hvernig börn læra, mikilvægi þess að tilheyra og hvernig hægt er að kenna og þjálfá félagsfærni með ungum börnum.

Að loknu námskeiðinu öðlast þátttakendur viðurkenningu til að nýta Jákvæðan aga í skólastarfi með yngstu börnunum (Certified Positive Discipline Early Childhood Educator) - ECE) og hafa m.a. öðlast færni í eftirfarandi:

1. Skapa aðstæður þar sem börn öðlast tilfinningu fyrir því að tilheyra og skipta máli með því að leggja sitt af mörkum og upplifa gagnkvæma virðingu.
 2. Skilja betur hvernig ung börn læra og aðlaga kennsluáferðir að þörfum þeirra.
 3. Þjálfá félagslega og tilfinningalega færni, skilja hegðun barnanna og og leiðbeina þeim þegar um er að ræða óæskilega hegðun.
 4. Kenna og þjálfá þátttöku í barnafundum.
- Að kunna skil á hugmyndafræði Jákvæðs aga / sjálfstjórnarkenningum sem byggðar eru á verkum Alfreds Adler, og geta nýtt sér hugmyndafræðina í starfinu með börnunum, með foreldrum og í skólasamfélaginu almennt.



Þátttakendur fá eftirfarandi bækur sem eru innifaldar í námskeiðsgjaldi:

Positive Discipline For Preschoolers: Bók sem fjallar um Jákvæðan aga með leikskólabörnum og lýsir aðferðum til að kenna nemendum sjálfstjórn og sjálfsaga, ábyrgð, gagnkvæma virðingu og lausnaleit.

Jákvæður agi fyrir kennara ungra barna: Hér er um að ræða hagnýta handbók með ábendingum og æfingum til að nota í leikskólanum og á barnafundum ásamt ýmsum ábendingum og æfingum fyrir leiðtoga í skólum.